

Aðalfundur UFA var haldinn 24. febrúar 2021 kl 18:00 í Íþróttahöllinni v/Skólástíg

Rósa Benjamínsdóttir, formaður UFA, setti fundinn og bauð alla velkomna á 32. aðalfund UFA. Hún stakk upp á að Sigurður Magnússon yrði fundarstjóri og Jóna Finndís Jónsdóttir fundarritari. Það var samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði traustið.

Ársskýrslur, ársreikningar og fjárhagsáætlun

Rósa formaður UFA flutti skýrslu stjórnar, sem aðgengileg er á heimasíðu UFA, úr skýrslunni ber helst að nefna að árið einkenndist af samkomutakmörkunum og því skertri starfsemi, iðkendur UFA stóðu sig hins vegar vel að vanda. Rannveig Oddsdóttir, formaður Langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA, flutti skýrslu deildarinnar sem brátt verður aðgengileg á heimasíðu félagsins. Hún fór einnig yfir helstu tölur úr ársreikningi langhlaupadeildarinnar. Jóna Jónsdóttir fór yfir ársreikning UFA fyrir árið 2020, hagnaður reyndist af rekstri félagsins sem skýra má að nokkru af því að þjálfarar félagsins þáðu ekki laun á meðan ekki var hægt að halda æfingar. Hins vegar voru skráðir iðkendur færri en fyrri ár og því voru tekjur af æfingagjöldum lægri en áður. Styrkir, lottótekjur og tekjur af almenningshlaupum og mótahaldi eru félaginu mikilvæg og hefur gert félaginu kleyft að halda æfingagjöldum lágum. Engar spurningar eða athugasemdir voru gerðar við reikninginn. Jóna fór einnig yfir fjárhagsáætlun næsta árs, sem unnin er í samvinnu við bókhaldara félagsins.

Hlé var gert og súpa var veitt í boði RUB23.

Viðurkenningar

Jóna og Rósa skýrðu frá því að Hafdís Sigurðardóttir og Birnir Vagn Finnsson hefðu verið valin íþróttafólk UFA árið 2020. Hafdís Sigurðardóttir er í fararbroddi íslenskra langstökkvara og varð Íslandsmeistari kvenna bæði innan- og utanhúss á síðasta ári. Hún sigraði jafnframt í langstökki á Reykjavík International Games. Birnir Vagn Finnsson vann alls sjö Íslandsmeistaratitla í sínum aldursflokkum á síðasta ári; þrjá innanhúss og fjóra utanhúss. Þar reis hvað hæst Íslandsmeistaratitill hans í tugþraut. Hann vann einnig til silfurverðlauna í karlaflokkum í langstökki. Hann setti auk þess Íslandsmet/aldursflokkamet í 60 metra hlaupi og komst í úrvalshóp FRÍ í tíu greinum auk þess sem hann náði lágmarki inn á Norðurlandamót unglunga í tugþraut. Þau eru bæði frábærar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur innan félagsins og félagið óskar þeim alls hins besta.

Sigurlaug Anna Sveinsdóttir og Róbert Mackay fengu hvatningarverðlaun þjálfara, Mummi hrósaði þeim fyrir það að leggja sig mjög vel fram og góðan árangur, hann lýsti jafnframt metnaði, seiglu og áhuga meistarhópsins. Anna Sofia Rappich fékk hvatningarverðlaun í flokki öldunga, hún hefur staðið sig mjög vel á meistaramótum öldunga ásamt því sýna elju og jákvæðni á æfingum UFA plús.

Þjálfurum Unnari og Mumma, aðstoðarþjálfurum Katrínu, Alexander og Róbert og Ásgeiri tímamælingamanni var þakkað fyrir liðið ár og vel unnin störf.

Ávörp gesta

Ómar Kristinsson bar félaginu kveðju ÍBA og óskaði félaginu til hamingju með frábæran árangur á síðasta ári. Hann minnti jafnframt á að skila þarf ÍBA ársskýrslu fyrir 1. mars, starfsskýrslu í Felix fyrir 15. apríl og ársreikningi ásamt fjárhagsáætlun fyrir 1. maí nk.

UFA fyrirmyndarfélag

Kristín Sóley Björnsdóttir kynnti þá vinnu sem unnin hefur verið til að gera UFA að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ á ný. Ferlið er búið að vera mikið og lærdómsríkt. Umsóknin er í formi Handbókar UFA ásamt siðareglum og persónuverndarstefnu. ÍSÍ er búið að staðfesta að UFA hafi uppfyllt öll skilyrði til að verða talið fyrirmyndarfélag og stefnt er að því að UFA taki við viðkenningu tengda því á næstunni, e.t.v. á íþróttæfingu í Boganum. Í samræmi við stefnuna þarf UFA að jafna kynjahlutföll í stjórn og endurvekja foreldraráð, því eru foreldrar hvattir til að gefa kost á sér í það. Handbók UFA ásamt siðareglum og persónuverndarstefnu verður sett á heimasíðu félagsins innan skamms.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Rósa Benjamínsdóttir, Jóna Jónsdóttir, Jóna Finndís Jónsdóttir, Finnur Friðriksson (Kristín Sóley Björnsdóttir) og Sigurbjörn Gunnarsson gefa öll kost á sér í stjórn félagsins. Elsa María Guðmundsdóttir og Sigurður Guðmundsson gefa kost á sér í varastjórn. Engin mótframboð voru og stjórnin því staðfest einróma.

Óskað var eftir framboði iðkenda til að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn. Birnir Vagn Finnsson bauð sig fram og iðkendur staðfestu kosningu hans með lófataki.

Fundarstjóri skýrði frá því að Guðmundur Víðir Gunnlaugsson gæfi áfram kost á sér sem skoðunarmanns reikninga. Kosning hans var staðfest samhljóða af fundarmönnum.

Laga og reglubreytingar

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim lagabreytingatillögum sem kynntar hafa verið á heimasíðu UFA. Hann fór yfir breytingatillögurnar, engar fyrirspurnir bárust um tillögurnar. Fundarstjóri bar þær upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

Önnur mál

Rannveig Oddsdóttir sagði frá því að lengi hefur verið til langhlaupa- og þríþrautardeild innan UFA, þríþrautarhluti deildarinnar hefur þó verið óvirkur undanfarin ár. Nú hefur þríþrautarhópur á Akureyri lýst áhuga á að koma inn í félagið í sérdeild. Hún lagið því til að langhlaupa- og þríþrautardeildinni yrði skipt í tvær deildir, annars vegar UFA Eyrarskókk (langhlaupardeildin) og hins vegar UFA Norðurljós (þríþrautardeildin). Sigurður bar tillöguna undir fundarmenn og var tillagan samþykkt samhljóða. Magnús Bragi Ingólfsson sagði frá því að þríþrautarhópurinn Norðurljós samanstendur af 18-24 manna hóp sem byrjaði að æfa saman í fyrrasumar. Þau stefna að því að halda þríþrautarmót næsta sumar.

Unnar sagði frá starfinu á næstunni:

- MÍ 15-22 ára verður um næstu helgi og MÍ 11-14 ára um þarnæstu helgi. Ekki verður rúta á vegum félagsins, en spurning er hvort keppendur vilji gista saman í Hafnarfirði.
- Næsta sumar verður keppt á meistarmótum aldursflokka og víðar.
- Unnar hvatti foreldra og iðkendur til að taka verslunarmannahelgina frá fyrir Unglingalandsmót.
- Mikilvægt er að fá fólk í foreldraráð, Gautaborgarnefnd (fyrirhugað er að fara árið 2020) og Unglingalandsmótsnefnd og hvatti Unnar foreldra til að setja sig í samband við stjórn ef þau vilja gefa kost á sér í það starf.
- UFA verður gefinn kostur á að taka þátt í tómsundarútu næsta vetur sem gert er ráð fyrir að sækji börn í grunnskóla bæjarins og skutli þeim á æfingu í Boganum. Taka þarf ákvörðun fljótlega um hvort UFA taki þátt í því og aðlagi æfingatíma 10 ára og yngri að slíkri rútu.

Sveinbjörg Smáradóttir kom með ábendingu um að foreldrar væru margir hverjir að reyna að minnka samfélagsmiðlanotkun, þ.m.t. facebook, því væri bagalegt að upplýsingagjöf um frjálsíþróttastarfið fari svo að segja eingöngu fram í gegnum facebook. Hún nefndi að mögulega væri hægt að nota sportabler eða önnur viðlíka forrit sem væru sérsniðin að íþróttæfingum til að miðla upplýsingum. Vel var tekið í þetta og því beint til nýrrar stjórnar að skoða málið.

Rósa Hrefna Gísladóttir spurðist fyrir um félagsfatnað og sagðist gjarnan vilja að kaup á slíku væru aðgengilegri fyrir foreldra. Rósa formaður sagði að hægt væri að fá appelsínugula boli hjá sér og reiknar hún með að koma með þá á æfingu nk. mánudag og bjóða þá til kaups þar, m.a. sem undirbúning fyrir MÍ 11-14 ára mótið. Hún greindi einnig frá að í skoðun væri að kaupa appelsínugular peysur og einnig að panta fleiri boli.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund, fundi slitið kl. 19:40